

Hverfisnefnd Naustahverfis

38. fundur, 1. febrúar 2012

Fundur haldinn á Naustatjörn, kl. 17:30 – 19:00

Mættir: Bjarni Sigurðsson formaður, Anna Sjöfn Jónasdóttir, Ómar Ívarsson, og Gísli Rúnar Magnússon.

Fjarverandi: Ásdís Birgisdóttir varaformaður, Heiðrún Jóhannsdóttir og Sveina Björk Jóhannsdóttir.

Gísli Rúnar Magnússon ritaði fundargerð.

1. Dalsbraut

Klassísk umræða um Dalsbraut að venju. Deiliskipulag Dalsbrautar hefur öðlast gildi og hillir í að framkvæmdir hefjist.

2. Naustaskóli

Rætt um framkvæmdir við Naustaskóla.

3. Brettasvæði

Naustahverfi tilbúið að taka að sér að hýsa svona svæði.

4. Grenndarstöðvar

Óánægja með að ekki skuli vera búið að ganga almennilega frá grenndarstöðvum í hverfinu, með grindverkum og gróðri eins og gert hefur verið á flestum öðrum grenndarstöðvum í bænum. Bjarni kemur erindi á skipulagsnefnd og framkvæmdaráð.

5. Sleppisvæði við Naustaskóla

Hugsa þarf fyrir sleppisvæði fyrir börn við Naustaskóla, líklega best við Kjarnagötu. Bjarni kemur erindi á skipulagsnefnd og framkvæmdaráð.

6. Strætó

Hvergi gert ráð fyrir almennilegum stætóstoppistöðvum í hverfinu. Hvergi útskot fyrir strætó og sárafá biðskýli. Einnig höfum við heyrt að strætó komi ekki til með að aka hina nýju Dalsbraut og þykir okkur það miður og viljum að það verði endurskoðað. Bjarni kemur erindi á skipulagsnefnd og framkvæmdaráð.

7. Snjómokstur

Hverfisnefnd finnst að betur mætti standa að snjómokstri í hverfinu, en margar götur eru eitt klakastykki. Þrátt fyrir asahláku virðist það ekki hafa dugað til og því margar götur illfærar vegna klaka.

8. 150 ára afmæli Akureyrar

Skipuð nefnd innan hverfisnefndar sem mun sjá um ákvörðunartöku og samskipti við Akureyrarbæ um þetta málefni. Skipuð voru Ómar og Ásdís ásamt fyrrverandi formanni hverfisnefndar og áhugamanni um verkefnið, Hrafnhildi E. Karlsdóttur.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið.